



Skrifstofa Alþingis - nefndasvið  
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 16. febrúar 2024

2307001HA LG/vrh  
Málalykill: 30.22

## Efni: Samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038

Á fundi stjórnar Hafnasambands Íslands sem haldinn var 16. febrúar 2024 var rætt um samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038.

Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

„Samgönguáætlun fyrir tímabilið 2024-2038, ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-2028 var lögð fram á Alþingi í október s.l. og síðan vísað til umhverfis og samgöngunefndar þingsins. Þar sem áætlunin hefur enn ekki verið afgreidd frá Alþingi eru styrkhæfar nýframkvæmdir hafna sem eru í áætluninni og eiga að hefjast á árinu 2024, í biðstöðu.

Þar sem Alþingi þarf að samþykkja styrkhæfni og styrkhlutfall tiltekinna framkvæmda fyrirfram, sem það gerir með samþykki samgönguáætlunar, er því ekki hægt án samþykkis Alþingis að greiða úr ríkissjóði styrki til tiltekinna hafnaframkvæmda.

Það er því mjög bagalegt fyrir íslenskar hafnir að áætlunin hafi ekki enn verið afgreidd frá Alþingi þannig að hægt verði að byrja að hanna og bjóða út margar brýnar hafnaframkvæmdir strax í byrjun árs 2024, og nýta þannig framkvæmdatímenn sem best á árinu.

Stjórn Hafnasambands Íslands hvetur innviðaráðherra og Alþingi til þess að afgreiða samgönguáætlunina sem allra fyrst og eyða þeirri óvissu sem hafnirnar þurfa að búa við í dag.“

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt  
HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Lúðvík Geirsson

formaður stjórnar Hafnasambands Íslands

Samrit: Innviðaráðuneytið